

Ed.

330. Nefndarátt

um frv. til laga um heimild fyrir bæjarfjelög og sýslufjelög til þess að taka einkasölu á nauðsynjavörum.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Af greinargerð frv. þessa er svo að sjá, að það sje borið fram til þess að gefa bæjarfjelögum og sýslufjelögum heimild til þess að tryggja sig gegn hallæri, er stafi af siglingateppu vegna hafiss eða annara orsaka, og fer það í þá átt, að fá sýslunefndum og bæjarstjórnnum á mestöllu landinu það vald í hendur að taka að sjer eða fela öðrum einkasölu á öllum þeim vörum, sem þær telja nauðsynlegar, en banna öllum öðrum innflutning á þeim og leggja sölubann á þær vörur hjá öðrum, sem fyrir hendi eru.

Háttv. flm. virðist hafa verið búinn að gleyma því, að með lögum nr. 45 1913, um Bjargráðasjóð Íslands, var stofnaður allsherjarsjóður fyrir alla landsmenn og sjereignarsjóðir fyrir hverja sýslu og kaupstað i sama skyni og jafnframt sett á stofn sjerstöð bjargráðastjórn, sem veita á ríkisstjórninni lið til allra framkvæmda, sem miða að því að afstýra hallæri, og hafa vakandi auga á öllum hallærishættum. Skal eftir 11. gr. laganna i hverri sýslu og

hverjum kaupstað gera bjargráðasamþyktir, og má í þeim skipa fyrir um allt, sem ríkisstjórnin eftir tillögum bjargráðastjórnar telur nauðsynlegt til tryggingar því, að sjereignarsjóður sýslunnar eða kaupstaðarins komi að rjettum notum. Í 12. gr. er svo ákveðið, að ef hallæri beri að höndum, eigi hvert hjerað tilkall til sjereignar sinnar í bjargráðasjóðnum og ef haustbirgðir reynist svo litlar í einhverju hjeraði, að hætt sje við bjargræðisskorti fyrir menn eða skepnur, ef illa vetrar, þá má hjeraðið með leyfi bjargráðastjórnarinnar neyta sjereignar sinnar til að kaupa eða tryggja sjer vöruförða, og ef það sje hrekkur ekki, má ríkisstjórnin veita því vaxtalaust lán af sameignarsjóði. Verði svo mikil óáran um land allt, að Bjargráðasjóðurinn komist í fjárþröng, má ríkisstjórnin lána honum sje úr ríkissjóði eða útvega honum lán annarsstaðar.

Bjargráðasjóðurinn var alls í árslok 1927 kr. 843919.92. Þar af voru sjereignarsjóðirnir kr. 419463.43, en sameignarsjóðurinn kr. 434456.49. Af sameignarsjóðnum voru í útlánum einar 8875.00 kr., en af sjereignarsjóðunum kr. 54450.00. Alt hitt fjeð stendur á hlaupareikningi í Landsbankanum og er því handbært hvenær sem er.

Auk þessa má minna á, að til er gjafasjóður Jóns Sigurðssonar banda fátækum í Eyjafjarðarsýslu, og má eftir lögum nr. 29 1913 verja meginu af árstekjum hans til kornforðatryggingar í Eyjafjarðarsýslu og á Akureyri, til að koma í veg fyrir bjargarskort þar í harðæri. Hefi jeg heyrt, að heimild þessa sje farið að nota og að ráðstafanir hafi verið gerðar til þess að koma þar upp kornforðabúri.

Loks má minna á lög nr. 73 1917, um kornforðabúr til skepnufóðurs, lög nr. 44 1911, um samþyktir um heyforðabúr, og lög nr. 42 1919, um samþyktir um stofnun eftirlits- og fóðurbirgðafjelaga, en öll þessi lög hafa að geyma ákvæði um ráðstafanir til þess að afstýra hallæri.

Það virðist því ekki bera brýna nauðsyn til þess að setja nú ný lög til ráðstafana til tryggingar gegn hallæri í landinu. En þótt svo væri, get jeg ekki fallist á, að leið sú, sem frv. þetta fer, sje hin rjetta eða fær. Væri þá nær að endurskoða löggjöf þá, sem jeg hefi nefnt hjer að framan, og breyta henni að einhverju leyti.

Það virðist og mjög hæpið ráð til þess að koma í veg fyrir hallæri í landinu að banna frjálsan innflutning til þess af nauðsynjavöru og breyta fyrirkomulaginu í svipaða átt og var á einokunartímunum. Hinsvegar væri frv., ef að lögum yrði, rothögg á alla frjálsa verslun í landinu.

Jeg hefi því ekki getað orðið sammála háttv. meiri hluta allsherjarnefndar um það, að ráða til þess, að frv. nái fram að ganga, en leyfi mjer að leggja til, að það verði felt.

Alþingi, 13. apríl 1929.

Jóh. Jóhannesson.